

From: Arnór Snæbjörnsson - UUA
Sent: Wed, 23 Jul 2025 13:14:38 +0000
To: skeidgnup@skeidgnup.is; Sylvía Karen Heimisdóttir; Unnur Lilja Hermannsdóttir; ivar@landslog.is; Haraldur Þór Jónsson
Subject: Vettvangsganga framkvæmdaleyfi Hvammsvirkjun
Attachments: Athugasemdir._Lamdsvirkjunar.pdf,
Viðbótargreinargerð_til_UUA_18.07.2025_undirrituð.pdf Rangárþing ytra.pdf,
viðbótarathugasemdir_vegna_mála_132__133_og_134_2024.pdf,
athugasemdir_vegna_mála_132__133_og_134_2024.pdf, SKOGN_svör_til_ÚUA_18072025_loka.pdf
VIÐBÓTARATHUGASEMDIR.pdf

Til leyfisveitenda, leyfishafa og kæranda úrskurðarmála 126, 127, 128, 129, 132, 133, 134, 135, 136, 137, 138, 139, 140, 141, 142, 143 og 144/2024 fyrir úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála.

Efni: Boðuð vettvangsganga.

Með bréfi dags. 11. febrúar sl. var frestað meðferð allra kærumála sem varða framkvæmdir við Hvammsvirkjun fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, þ.e. meðferð mála nr. 126, 127, 128, 129, 132, 133, 134, 135, 136, 137, 138, 139, 140, 141, 142, 143 og 144/2024, meðan beðið væri endanlegrar úrlausnar dómstóla. Í framhaldi af dómi Hæstaréttar um gildi þriggja ákvarðana stjórnvalda sem lutu að Hvammsvirkjun frá 9. júlí sl. var frestun þessara mála aflétt en þá lágu fyrir erindi frá hluta kæranda þar sem gerð var m.a. krafa um að úrskurður mundi án tafar ganga um ógildingu framkvæmdaleyfa fyrir framkvæmdum við virkjunina.

Aflað var afstöðu leyfisveitenda, leyfishafa og kæranda við þetta tilefni, enda grundvöllur téðra kærumála, sem varða framkvæmdaleyfi sveitarfélaga til virkjunarinnar, í verulegu breyttur frá því sem var í upphafi.

Af hálfu leyfisveitanda, Rangárþings ytra, hefur nú í greinargerð verið krafist þess, til vara, að hafnað verði kröfum um ógildingu sem lúti að undirbúningsframkvæmdum sem varði „uppsetningu vinnubúða, aðkomuvegi og aðra vegagerð innan framkvæmdasvæðis og efnisvinnslu fyrir vegagerð auk raf-, fjar- og hitavatnsveitu vinnubúða og framkvæmdasvæðis“. Gerð er grein fyrir téðum dómi Hæstaréttar og undirbúningi að öflun nýs virkjunarleyfis og m.a. höfðað til meðalhöfs af þessu tilefni. Mundu með þessu eftir standa heimildir í framkvæmdaleyfi sem ekki væru háðar virkjunarleyfi, að því fram kemur.

Af hálfu leyfisveitanda Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafa áþekk sjónarmið verið færð fram orðuð með þeim hætti að hafnað verði kröfum kæranda sem lúti að undirbúningsframkvæmdum sem hófust í desember 2024 og er áætlað að ljúki undir lok

árs 2025 og hafi ekki áhrif á vatnshlot. Jafnframt er bent á að ekki sé óvarlegt að ganga út frá því að nýtt bráðabirgða virkjanaleyfi verði gefið út eigi síðar en 8. ágúst samkvæmt lögum nr. 42/2025 um breytingu á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála en þá verði liðnar fjórar vikur frá umsókn Landsvirkjunar um slíkt leyfi. Að auki sé undirbúningur að umsókn um nýtt virkjunarleyfi þegar hafinn og verði heimild til breytingar á vatnshloti þáttur í því leyfi með heimild í téðum nýsamþykktum lögum. Er auk þess bent á að hvergi sé í skipulagslögum gert að skilyrði fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis að virkjunarleyfi liggi fyrir, sbr. 13.-16. gr. laganna og verði sá skilningur ekki heldur lesinn úr 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Af hálfu leyfishafa hefur við þetta tilefni verið lögð áhersla á að útgefin framkvæmdaleyfi taki öðrum þræði til framkvæmda utan núverandi farvegs þjósár. Þá er höfðað til meðalhófs og fjárhagslegra hagsmuna sem og bent á undirbúning nýrrar leyfisveitingar. Hefur leyfishafi gert kröfu um að úrskurðarnefndin fari á vettvang og skoði umfang og stöðu framkvæmda. Í erindi leyfishafa segir: Hin kærðu framkvæmdaleyfi ofangreindra mála taka til ýmissa framkvæmda.

Af hálfu hluta kærenda hafa komið fram viðbótarathugasemdir af þessu tilefni þar sem m.a. er tekin rökstudd afstaða til greindrar varakröfu. Þar er um leið mótmælt lýsingu á þeim framkvæmdum sem um ræði en tekið sé efni í vegi í frárennslisskurði virkjunarinnar og ráðgert að hefja framkvæmdir við fiskistiga. Þá sé hið kærða leyfi ekki áfanga eða stigskipt með neinum hætti. Fram kemur af hálfu hluta kærenda að ekki sé lagst gegn vettvangsgöngu, en hún þurfi þá að fara fram nk. mánudag eða þriðjudag. Vísast nánar til viðbótarathugasemda um rökstuðning hluta kærenda.

Til hægðar fylgja bréfi þessu ívitnuð tilskrif. Hafi aðilar frekari athugasemdir af þessu tilefni er þess óskað að þær berist eigi síðar en á föstudag komandi.

Í 4. gr. þeirra laga sem úrskurðarnefndin starfar eftir, nr. 130´11, er ráðgert að hún kynni sér aðstæður á vettvangi þegar þörf sé á til að mál teljist nægjanlega upplýst. Þá hafa aðilar máls þessa lagt áherslu á þörf á rannsókn nefndarinnar með skoðun aðstæðna. Af þessu tilefni upplýsist að úrskurðarnefndin hyggst fara á vettvang nk. mánudag 28. júlí. Að höfðu samráði við lögmann leyfishafa, er boðað til vettvangsgöngu kl. 10:30 þann dag og hefst hún á skrifstofu leyfishafa í Hvammi 3 í Landsveit. Um nánari tilhögun göngu verður rætt á þeim tíma.

Til hægðar er hér slóð á skrifstofuna: <https://maps.app.goo.gl/KHM5CNcYtQUqAKW3A>

Úrskurðarnefndin hefur ekki á þessu stigi tekið afstöðu til kæruaðildar allra kærenda og er öllum kærendum frjálst að vera viðstaddir. Vegna undirbúnings vettvangsgöngu er þess óskað að upplýst verði við hentugleik um fulltrúa sem mæta munu. Úrskurðarnefndin sér ekki fyrir flutningi á milli staða á bifreiðum, ef á þarf að halda.

Samrit sent:
Allir kærendur
Leyfisveitendur
Leyfishafi

Virðingarfyllst,
f.h. nefndarinnar
A.S.

Arnór Snæbjörnsson, formaður og forstöðumaður

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, Höfðaborg, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 575 8710
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.